

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2004 frá 24. september 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽²⁾ var felld inn í samninginn, með aðlögunarákvæðum fyrir einstök lönd, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 849/2004 frá 29. apríl 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽³⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0849**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 849/2004 frá 29. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 849/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.